

Borgarráð

### ***Spænska veikin - 100 ár liðin***

Á næsta ári eru 100 ár síðan spænska veikin lagði mörg hundruð manns að velli í Reykjavík og nágrenni. Þessi atburður reyndi mikið á og var stórt högg fyrir lítið samfélag. Lagt til að Reykjavíkurborg setji í gang hugmyndavinnu um það hvernig minnst skuli þessara tímamóta og hefji undirbúning að viðburðum, sögulegum merkingum og öðru sambærilegu í því skyni, eftir atvikum í samstarfi við aðra aðila. Nánari útfærslu verkefnisins er vísað til menningar- og ferðamálasviðs og Borgarsögusafns í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

#### **Greinargerð:**

Eins og fram kemur í tillögunni verða á næsta ári liðin 100 ár frá því að spænska veikin lagði mörg hundruð manns að velli í Reykjavík og nágrenni. Rithöfundurinn Gerður Kristný kom þeirri hugmynd á framfæri við borgarstjóra að þessara tímamóta yrði minnst á næsta ári, m.a. til þess að lyfta minningu þeirra sem létust í þessum skæða faraldri og hvíla sumir enn í ómerktum gröfum í Hólavallagarði við Suðurgötu.

Spænska veikin var afar skæður inflúensufaraldur sem gekk yfir heiminn á árunum 1918-1919. Veikin er mannskæðasta farsótt sögunnar og létust um 25 milljónir manna að minnsta kosti í heiminum öllum. Veikin er talin hafa borist hingað til lands með skipunum Botníu frá Kaupmannahöfn og Willemoes frá Bandaríkjunum 19. október 1918, sama dag og fullveldi Íslands var samþykkt. Fljótlega fór fólk að veikjast og í byrjun nóvember var faraldurinn kominn verulega á skrið og fyrsta dauðsfallið skráð. Miðvikudaginn 6. nóvember er talið að þriðjungur Reykvíkinga hafi legið sjúkur og fimm dögum síðar voru tveir þriðju íbúa höfuðborgarinnar rúmfastir. Sérstök hjúkrunarnefnd var skipuð í Reykjavík 9. nóvember. Borginni var skipt í þrettán hverfi og gengið var í hús. Aðkoman var víða hroðaleg. Öll tiltæk lyf sem hjálpað gátu við lungnabólgu og hitasótt, sem voru fylgifiskar veikinnar, kláruðust umsvifalaust. Læknar unnu myrkranna á milli og læknanemar fengu bráðabirgðaskírteini til að sinna smituðum. Allt athafnalíf í Reykjavík lamaðist. Flestar verslanir lokuðust og 6. nóvember hættu blöð að koma út vegna veikinda starfsmanna. Samband við útlönd féll niður því allir starfsmenn Landsímahússins utan einn veiktust. Messufall varð og sorphirða og hreinsun útisalerna féll niður. Erfitt var að anna líkflutningum og koma varð upp bráðabirgða líkhúsum. Brugðið var á það ráð að jarðsetja fólk í fjöldagrafreitum 20. nóvember í Hólavallagarði við Suðurgötu.

Samkvæmt opinberum tölum létust alls 484 Íslendingar úr spönsku veikinni. Veikin kom þyngst niður á Reykvíkingum, þar sem 258 létust, en með ströngum sóttvörnum og einangrun manna og hluta sem grunaðir voru um að geta borið smit tókst að verja algerlega Norður- og

Austurland. Framangreindar upplýsingar eru sóttar af Vísindavef Háskóla Íslands og úr bókinni Ísland í aldanna rás.

Dagur B. Eggertsson